

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, efnistaka í Ólafsvíkurenni og frístundabyggð í Fossárdal við Ólafsvík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Opið óbyggt svæði í Ólafsvíkurenni breytist í efnistökusvæði 0,97 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir allt að 39.000 m<sup>3</sup> efnistöku.
2. Landbúnaðarsvæði í Fossárdal 8,4 ha að stærð breytist í svæði fyrir frístundabyggð með nýtingarhlutfalli allt að 0,01 og aðkomu frá Útnesvegi. Kafli 3.1.2. í greinargerð aðalskipulagsins breytist þannig að þar er tekið fram að innan viðáttumikilla svæða á náttúru-minjaskrá má gera ráð fyrir litlum þyrpingum frístundahúsa við þéttbýlisstaði og í tengslum við núverandi frístundabyggð.
3. Hluti svæðis fyrir þjónustustofnun við heilsugæslustöð 0,95 ha að stærð breytist í opið svæði til sérstakra nota þar sem gert er ráð fyrir tjaldstæði.
4. Opið svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnun við heilsugæslustöð breytist í opið óbyggt svæði undir varnargarð.
5. Mörk íbúðarsvæðis sunnan heilsugæslustöðvar breytist lítillega.
6. Húsagata og gönguleiðir í Fossárdal eru sýndar á uppdrætti.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. maí 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*